**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2025/1379** **2025/EES/75/10**

**frá 15. júlí 2025**

**um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 142/2011 að því er varðar stafvæðingu skráahalds og fyrirmyndir að viðskiptaskjali og heilbrigðisvottorðum vegna tilflutnings á aukaafurðum úr dýrum frá takmörkunarsvæðum og vegna flutnings á óunnum húsdýraáburði** (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1069/2009 frá 21. október 2009 um heilbrigðisreglur að því er varðar aukaafurðir úr dýrum og afleiddar afurðir sem ekki eru ætlaðar til manneldis og um niðurfellingu á reglugerð (EB) nr. 1774/2002 (reglugerð um aukaafurðir úr dýrum) ([1]), einkum a- og b-lið 5. mgr. 21. gr. og 1. mgr. 22. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

1) Samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1069/2009 er þess krafist að viðskiptaskjal eða heilbrigðisvottorð, eftir því sem við á, fylgi með aukaafurðum úr dýrum og afleiddum afurðum meðan á flutningi stendur innan Sambandsins. Að auki skulu rekstraraðilar halda skrár yfir sendingar og tengd viðskiptaskjöl og heilbrigðisvottorð.

2) Fyrirmyndirnar að viðskiptaskjalinu og heilbrigðisvottorðinu vegna tilflutnings á aukaafurðum úr dýrum frá takmörkunarsvæðum sem og hversu lengi á að halda skrár eru sett fram í VIII. viðauka við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 142/2011 ([2]).

3) Skrár og tengd skjöl skulu geymd í a.m.k. tvö ár til að hægt sé að leggja þau fyrir lögbæra yfirvaldið. Þar eð rafræna Traces-kerfið (samþætta, tölvuvædda upplýsingakerfið um heilbrigði dýra og dýraafurða) ([3]) gefur út og skráir rafrænar útgáfur af viðskiptaskjölum og heilbrigðisvottorðum þykir rétt að undanskilja rekstraraðila frá þeirri skyldu að geyma viðskiptaskjöl ef þeir hafa aflað þeirra með því að nota Traces-kerfið. Einnig þykir rétt að undanskilja rekstraraðila frá þeirri skyldu að geyma dýraheilbrigðisvottorð vegna sendinga af óunnum húsdýraáburði ef þeir hafa aflað þeirra með því að nota Traces-kerfið.

4) Uppfæra ætti fyrirmyndina að heilbrigðisvottorði vegna tilflutninga á aukaafurðum úr dýrum frá takmörkunarsvæðum samkvæmt nýjustu fyrirmyndinni sem sett er fram í framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/2235 ([4]).

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L, 2025/1379, 16.7.2025. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 227/2025 frá 24. október 2025 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 300, 14.11.2009, bls. 1, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2009/1069/oj.

([2]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 142/2011 frá 25. febrúar 2011 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1069/2009 um heilbrigðisreglur, að því er varðar aukaafurðir úr dýrum og afleiddar afurðir sem ekki eru ætlaðar til manneldis, og um framkvæmd tilskipunar ráðsins 97/78/EB að því er varðar tiltekin sýni og hluti sem eru undanþegin heilbrigðiseftirliti með dýrum og dýraafurðum á landamærum samkvæmt þeirri tilskipun (Stjtíð. ESB L 54, 26.2.2011, bls. 1, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2011/142/oj).

([3]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1715 frá 30. september 2019 um reglur um starfsemi upplýsingastjórnunarkerfis fyrir opinbert eftirlit og kerfisíhluti þess (IMSOC-reglugerðin) (Stjtíð. ESB L 261, 14.10.2019, bls. 37, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_impl/2019/1715/oj).

([4]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/2235 frá 16. desember 2020 um reglur um beitingu reglugerða Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/429 og (ESB) 2017/625 að því er varðar fyrirmyndir að dýraheilbrigðisvottorðum, fyrirmyndir að opinberum vottorðum og fyrirmyndir að dýraheilbrigðisvottorðum/opinberum vottorðum vegna komu inn í Sambandið og tilflutninga innan Sambandsins á sendingum af tilteknum flokkum dýra og vara og opinbera vottun að því er varðar slík vottorð og um niðurfellingu á reglugerð (EB) nr. 599/2004, framkvæmdarreglugerðum (ESB) nr. 636/2014 og (ESB) 2019/628, tilskipun 98/68/EB og ákvörðunum 2000/572/EB, 2003/779/EB og 2007/240/EB (Stjtíð. ESB L 442, 30.12.2020, bls. 1, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_impl/2020/2235/oj).

5) Samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 999/2001 ([5]) er tilflutningur sendinga af veiðiagni með þvagi úr hjartardýrum sem eru upprunnin í Noregi til Sambandsins bannaður sem og framleiðsla, setning á markað og notkun veiðiagns með þvagi úr hjartardýrum sem eru upprunnin í aðildarríkjum sem eru tilgreind í lið 1.1 í C-þætti í kafla A í VIII. viðauka við þá reglugerð. Endurspegla ætti þetta bann í viðskiptaskjalinu til að tryggja að því sé fylgt.

6) Því ætti að breyta reglugerð (ESB) nr. 142/2011 til samræmis við það.

7) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

*1. gr.*

Reglugerð (ESB) nr. 142/2011 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

*2. gr.*

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 15. júlí 2025.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Ursula VON DER LEYEN

*forseti.*

---

([5]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 999/2001 frá 22. maí 2001 um setningu reglna um forvarnir gegn, eftirlit með og útrýmingu tiltekinna tegunda smitandi heilahrörnunar (Stjtíð. EB L 147. 31.5.2001 bls. 1 ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2001/999/oj).

*VIÐAUKI*

Reglugerð (ESB) nr. 142/2011 er breytt sem hér segir:

1) Ákvæðum III. kafla VIII. viðauka er breytt sem hér segir:

a) Í stað 5. liðar kemur eftirfarandi:

„5. Skrár og tengd viðskiptaskjöl eða heilbrigðisvottorð skulu geymd í a.m.k. tvö ár til að hægt sé að leggja þau fyrir lögbæra yfirvaldið.

Þessi skylda gildir ekki um heilbrigðisvottorð vegna sendinga af óunnum húsdýraáburði og viðskiptaskjöl sem eru gefin út með Traces-kerfinu vegna flutninga innan Sambandsins á aukaafurðum úr dýrum og afleiddum afurðum.“

b) Í stað 7. liðar kemur eftirfarandi:

„7. Fyrirmynd að heilbrigðisvottorði og fyrirmynd að viðskiptaskjali

**Fyrirmynd að heilbrigðisvottorði vegna tilflutninga á aukaafurðum úr dýrum frá takmörkunarsvæðum sem komið var á fót til forvarna og varna gegn tilteknum skráðum sjúkdómum**

| **EVRÓPUSAMBANDIÐ** | **INNAN ESB** |
|---|---|
| **I.1 Sendandi**<br>Heiti<br>Heimilisfang<br>Land ISO-land | **I.2 IMSOC-tilvísun**<br>**I.2a Staðbundin tilvísun**<br>**I.3 Lögbært stjórnvald**<br>**I.4 Lögbært staðaryfirvald**<br>**QR-KÓÐI** |
| **I.5 Viðtakandi**<br>Heiti<br>Heimilisfang<br>Land ISO-landskóði | **I.6 Rekstraraðili sem annast samsöfnun óháð starfsstöð**<br>Heiti Skráningarnúmer<br>Heimilisfang<br>Land ISO-landskóði |
| **I.7 Upprunaland** ISO-landskóði | **I.9 Ákvörðunarland** ISO-landskóði |
| **I.8 Upprunasvæði** Kóði | **I.10 Viðtökusvæði** Kóði |
| **I.11 Sendingarstaður**<br>Heiti Skráningar-/samþykkisnr.<br>Heimilisfang<br>Land ISO-landskóði | **I.12 Viðtökustaður**<br>Heiti Skráningar-/samþykkisnr.<br>Heimilisfang<br>Land ISO-landskóði |
| **I.13 Fermingarstaður** | **I.14 Brottfarardagur og -tími** |
| **I.15 Flutningatæki**<br>☐ Skip ☐ Loftfar<br>☐ Járnbrautir ☐ Ökutæki<br>☐ Annað<br>Auðkenning<br>Skjal | **I.16 Flutningsaðili**<br>Heiti Skráningar-/Leyfisnúmer<br>Heimilisfang<br>Land ISO-landskóði<br>**I.17 Fylgiskjöl**<br>Tegund Kóði<br>Land ISO-landskóði<br>Tilvísun í viðskiptaskjöl |
| **I.18 Flutningsskilyrði** ☐ Við umhverfishita ☐ Kældar ☐ Frystar | |
| **I.19 Gámanúmer/innsiglisnúmer**<br>Gámanr. Innsiglisnr. | |
| **I.20 Vottað sem eða til**<br>☐ Vinnsla ☐ Meðhöndlun ☐ Ummyndun | |

I. hluti: Lýsing á sendingu

**I.21** ☐ **Til umflutnings gegnum þriðja land**

| | |
|---|---|
| Þriðja land | ISO-landskóði |
| Brottfararstaður | Kóði landamæraeftirlitsstöðvar |
| Komustaður | Kóði landamæraeftirlitsstöðvar |

| **I.22** ☐ **Til umflutnings gegnum aðildarríki** | | **I.23** ☐ **Til útflutnings** | |
|---|---|---|---|
| Aðildarríki | ISO-landskóði | Þriðja land | ISO-landskóði |
| Aðildarríki | ISO-landskóði | Brottfararstaður | Kóði landamæraeftir-litsstöðvar |
| Aðildarríki | ISO-landskóði | | |

| | |
|---|---|
| **I.24** **Áætlaður ferðatími** | **I.25** **Leiðarbók** ☐ Já ☐ Nei |
| **I.26** **Heildarfjöldi pakkninga** | **I.27** **Heildarmagn** |
| **I.28** **Samanlögð eigin þyngd/heildarþyngd (kg)** | **I.29** **Samanlagt rými fyrirhugað fyrir sendinguna** |

**I.30** **Lýsing á sendingu**

| SN-númer | Tegund | Upprunasvæði | Tegund vöru | Eigin þyngd |
|---|---|---|---|---|
| Dagsetning söfnunar/framleiðslu | | Flokkur | | |

Prófun

**EVRÓPUSAMBANDIÐ**

**Aukaafurðir úr dýrum frá takmörkunarsvæðum sem komið var á fót til forvarna og varna gegn tilteknum skráðum sjúkdómum**

**II. hluti: Vottun**

| **II. Upplýsingar um heilbrigði** | **II.a Tilvísunarnúmer vottorðs** | **II.b IMSOC-tilvísun** |
|---|---|---|

Ég, undirritaður, opinber dýralæknir, votta hér með að aukaafurðirnar úr dýrum sem lýst er í I. hluta:

(1) *annaðhvort* [II.1 Aukaafurðir úr dýrum sem lýst er í I. hluta eru fengnar úr dýrum í haldi:

(1) *annaðhvort* [aflífuð vegna forvarna og varna gegn:

(1) *annaðhvort* [ ........................ (setjið inn heiti viðkomandi sjúkdóms í A-flokki) samkvæmt leiðbeiningum lögbærs yfirvalds í samræmi við reglugerð (ESB) 2020/687 og eru ætlaðar til vinnslu með

(1) *annaðhvort* [Aðferð 1 til 5]]]

(1) *eða* [brennslu.]]]

(1) *eða* [sambrennslu.]]]

(1) *eða* [ ............................ ..(setjið inn heiti viðkomandi nýtilkomins sjúkdóms) samkvæmt leiðbeiningum lögbærs yfirvalds í samræmi við neyðarráðstafanir sem framkvæmdastjórnin hefur samþykkt skv. 259. gr. reglugerðar (ESB) 2016/429 og eru ætlaðar til vinnslu með

(1) *annaðhvort* [Aðferð 1 til 5]]]

(1) *eða* [brennslu.]]]

(1) *eða* [sambrennslu.]]]

(1) *eða* [falla ekki undir aflífun af hálfu lögbærs yfirvalds vegna forvarna og varna gegn sjúkdómum í A-flokki eða nýtilkominna sjúkdóma og voru haldin í stöðvum sem eru staðsettar á takmörkunarsvæðum sem komið var á fót til forvarnar og varnar gegn dýrasjúkdómum í samræmi við

(1) *annaðhvort* [framselda reglugerð (ESB) 2020/687,]

(1) *eða* [tímabundnar sérstakar ráðstafanir um sjúkdómavarnir sem um getur í 71. gr. reglugerðar (ESB) 2016/429,]

(1) *eða* [neyðarráðstafanir sem framkvæmdastjórnin hefur samþykkt í samræmi við 259. gr. reglugerðar (ESB) 2016/429,]

og aukaafurðirnar úr dýrum eru fluttar af því takmörkunarsvæði í samræmi við skilyrðin sem sett eru fram í ............................ (2), til

(1) *annaðhvort* [vinnslu með aðferðum 1–5, eins og sett er fram í II. kafla IV. viðauka, og ef um er að ræða verkun á aukaafurðum, sem fengnar eru úr lagardýrum, í sílói, eins og sett er fram í K-lið 2. þáttar IV. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 142/2011.]]]

(1) *eða* [vinnslu eða meðhöndlunar með aðferðum sem um getur í X. viðauka, XI. viðauka eða XIII. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 142/2011.]]]

(1) *eða* [vinnslu á unnu gæludýrafóðri, öðru en hráu gæludýrafóðri sem um getur í XIII. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 142/2011.]]]

(1) *eða* [ummyndunar í moltu eða lífgas sem um getur í 1. þætti III. kafla V. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 142/2011.]]]

**EVRÓPUSAMBANDIÐ**

**Aukaafurðir úr dýrum frá takmörkunarsvæðum sem komið var á fót til forvarna og varna gegn tilteknum skráðum sjúkdómum**

(1) *eða* [II.1 Aukaafurðir úr dýrum sem lýst er í I. hluta eru fengnar úr villtum dýrum af skráðum tegundum sem fundust dauð eða voru aflífuð vegna forvarna og varna gegn ........................ (*setjið inn heiti viðkomandi sjúkdóms í A-flokki*) samkvæmt leiðbeiningum lögbærs yfirvalds(3) í samræmi við c-lið 2. mgr. 64. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2020/687 og eru ætlaðar til vinnslu með

(1) *annaðhvort* [Aðferð 1 til 5]]

(1) *eða* [brennslu.]]

(1) *eða* [sambrennslu.]]

**Athugasemdir**

Í samræmi við sameiginlega yfirlýsingu Sambandsins og Breska konungsríkisins nr. 1/2023 í sameiginlegu nefndinni sem komið var á fót með samningnum um útgöngu Sameinaða konungsríkisins Stóra-Bretlands og Norður-Írlands úr Evrópusambandinu og Kjarnorkubandalagi Evrópu frá 24. mars 2023 (Stjtíð. ESB L 102, 17.4.2023, bls. 87).

Þetta dýraheilbrigðisvottorð er ætlað fyrir tilflutninga á aukaafurðum úr dýrum frá takmörkunarsvæðum sem komið var á fót til forvarna og varna gegn tilteknum skráðum sjúkdómum.

Þetta dýraheilbrigðisvottorð skal útfyllt í samræmi við athugasemdir varðandi útfyllingu vottorða sem kveðið er á um í 2. kafla I. viðauka við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/2235.

I. hluti:

— Reitur I.9 og I.11: strikið yfir það sem á ekki við.

— Reitur I.11, I.12 og I.16: samþykkisnúmer eða skráningarnúmer.

— Reitur I.13: fyllið út ef annað en í reit „I.1.Sendandi“.

— Reitur I.20: til „vinnslu“, „meðhöndlunar“ eða „ummyndunar“

— Reitur I.30: Tegund vöru: „Aukaafurðir úr dýrum sem um getur í 5. mgr. 22. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2020/687.“ Flokkur: „1. flokkur“, „2. flokkur“ eða „3. flokkur“

**II. hluti:**

1) Strika skal yfir það sem á ekki við.

2) Setjið inn númer viðkomandi greina(r), heiti réttargerðar, sem framkvæmdastjórnin samþykkti, og dagsetningu birtingar hennar í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* þar sem kveðið er á um þessi skilyrði eða tilvísun í réttargerð eða fyrirmæli sem lögbært yfirvald samþykkti og birti opinberlega þar sem kveðið er á um þessi skilyrði.

3) Sjá sértæka löggjöf um forvarnir gegn smitandi sjúkdómum.

**Opinber dýralæknir**

| | |
|---|---|
| Nafn (með hástöfum) | Menntun, hæfi og titill |
| Heiti staðbundinnar stjórnunareiningar | Kóði staðbundinnar stjórnunareiningar |
| Dagsetning | |
| Stimpill | Undirskrift. |

**Fyrirmynd að viðskiptaskjali**

*Fyrir flutninga innan Evrópusambandsins á aukaafurðum úr dýrum og afleiddum afurðum í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1069/2009*

**EVRÓPUSAMBANDIÐ** **Viðskiptaskjal**

I. hluti: Upplýsingar um vörusendingu

| | |
|---|---|
| I.1. Sendandi<br>Heiti<br>Heimilisfang<br>Samþykkis- eða skráningarnúmer<br>Póstnúmer | I.2. Tilvísunarnúmer skjals / I.2.a. Tilvísunarnúmer staðar<br>I.3. Lögbært stjórnvald<br>I.4. Lögbært staðaryfirvald |
| I.5. Viðtakandi<br>Heiti<br>Heimilisfang<br>Póstnúmer<br>Samþykkis- eða skráningarnúmer<br>Sími | I.6. Skráður seljandi<br>Heiti Skráningarnúmer<br>Heimilisfang<br>Póstnúmer Aðildarríki<br>I.7. |
| I.8. Upprunaland ISO-kóði / I.9. Upprunasvæði Kóði | I.10. ISO-kóði / I.11. Viðtökusvæði Kóði |
| I.12 Upprunastaður<br>Starfsstöð ☐<br>Heiti<br>Skráning<br>Heimilisfang<br>Samþykki eða númer<br>Póstnúmer | I.13. Viðtökustaður<br>Starfsstöð ☐<br>Heiti<br>Heimilisfang<br>Samþykkis- eða skráningarnúmer<br>Póstnúmer |
| I.14. Fermingarstaður | I.15. Brottfarardagur |
| I.16. Flutningatæki<br>Flugvél ☐ Skip ☐ Járnbrautarvagn ☐<br>Ökutæki ☐ Annað ☐<br>Auðkenning: | I.17 Flutningsaðili<br>Heiti<br>Samþykki eða skráning númer<br>Heimilisfang<br>Póstnúmer<br>Aðildarríki |
| I.18 Lýsing á vöru | I.19. Vörunúmer (SN-númer)<br>I.20. Heildarmagn |
| I.21. Hitastig afurða<br>Við umhverfishita ☐ Kældar ☐ Frystar ☐ Stýrt hitastig ☐ | I.22. Fjöldi pakkninga |
| I.23. Innsiglisnúmer, ef lögbært yfirvald setur innsigli á, og BIC-kenninúmer gáms | I.24. Tegund umbúða |
| I.25. Vörur sem eru vottaðar:<br>Sem fóður ☐ Til notkunar í gæludýrafóður ☐ Lífrænn áburður/jarðvegsbætar ☐ Til tæknilegra nota ☐<br>Sending fellur undir kröfurnar sem mælt er fyrir um í reglugerð (EB) nr. 999/2001. ☐<br>Fisklýsi/fiskimjöl í 3. flokki, sem inniheldur of mikið af díoxíni og/eða fjölklóruðum bífenýlum (PCB-efnum), sem er ætlað til afeitrunar í samræmi við reglugerð (ESB) 2015/786. ☐ | |
| I.26. | I.27. Umflutningur gegnum aðildarríki ☐<br>Aðildarríki ISO-kóði<br>Aðildarríki ISO-kóði<br>Aðildarríki ISO-kóði |
| I.28. Útflutningur ☐<br>Þriðja land ISO-kóði<br>Brottfararstaður Kóði | I.29. |
| I.30. | |
| I.31. Auðkenning varanna<br>Samþykkisnúmer starfsstöðva<br>Tegund Tegund vöru Flokkur Tegund meðhöndlunar Framleiðslustöð Númer framleiðslulotu | |

**LAND** **Aukaafurðir úr dýrum/afleiddar afurðir**

II. hluti: **Yfirlýsing**

| II. Upplýsingar um heilbrigði | II.a Tilvísunarnúmer vottorðs | II.b. |
|---|---|---|

II.1. Yfirlýsing sendanda

Ég, undirritaður lýsi því yfir að:

II.1.1. upplýsingarnar í 1. hluta eru réttar,

II.1.2. allar varúðarráðstafanir hafa verið gerðar til að komast hjá því að sjúkdómsvaldar mengi aukaafurðir úr dýrum eða afleiddar afurðir og einnig til að komast hjá víxlmengun milli mismunandi flokka.

Athugasemdir

I. hluti:

— Reitur I.1: Lögaðili eða einstaklingur, sem fyrirskipaði flutninginn, sem er tilgreindur í skjalinu sem krafist er samkvæmt samningnum um samkomulag í millilandaflutningum á farmi á vegum (*Convention relative au Contract de Transport International de Marchandises par Route*) sem var undirritaður í Genf 19. maí 1956, eins og honum var breytt með bókuninni sem var undirrituð í Genf 5. júlí 1978.

— Reitur I.5: Lögaðili eða einstaklingur sem á að fá sendinguna.

— Reitur I.6 [ef við á]: Heiti, heimilisfang, skráningarnúmer skráðs seljanda.

— Reitur I.9 og I.11: ef við á.

— Reitur I.12, I.13: samþykkisnúmer eða skráningarnúmer.

Ef um er að ræða:

— vörur sem falla undir 3. mgr. 48. gr. reglugerðar (EB) nr. 1069/2009, einungis geymslustöð, brennslu- eða sambrennslustöð sem er skráð í samræmi við a-lið 1. mgr. 23. gr. þeirrar reglugerðar; starfsstöð eða stöð sem er samþykkt í samræmi við 24. gr. reglugerðar (EB) nr. 1069/2009 eða, ef um er að ræða húsdýraáburð, heimilað viðtökubú,

— fisklýsi/fiskimjöl úr efni í 3. flokki sem er ætlað til afeitrunar í samræmi við reglugerð (ESB) 2015/786, tilgreina skal samþykkisnúmer viðtökustöðvarinnar í samræmi við reglugerð (EB) nr. 183/2005 eða reglugerð (ESB) 2015/786.

— Reitur I.14: fyllið út ef annað en í reit I.1. og I.12.

— Reitur I.17: skráningar- eða samþykkisnúmer raunverulegs flytjanda. Ef þetta eru sömu upplýsingar og í reit 1.6 skal einungis nota reit 1.17.

— Reitur I.23: ef um er að ræða flutning í gámi, allt kenninúmer gámsins (BIC-kóði) er skyldubundið.

— Reitur: I.25: tæknileg notkun: öll notkun önnur en til fóðrunar dýra eða lífrænn áburður eða jarðvegsbætar. Ekki skal nota tæknilegar afurðir í fóður, gæludýrafóður eða lífrænan áburð eða jarðvegsbæta.

— Reitur I.31:

Dýrategundir: Fyrir efni í 3. flokki og afleiddar afurðir þess sem eru ætlaðar til notkunar sem fóðurefni. Veljið á milli eftirfarandi: Aves, Ruminants, Suidae, aðrar Mammalia-tegundir, Pesca, Mollusca, Crustacea, Insecta (tegundir, ef við á), aðrir hryggleysingjar, blandaðar tegundir sem eru ekki jórturdýr, blandaðar tegundir og þ.m.t. jórturdýr.

**LAND** **Aukaafurðir úr dýrum/afleiddar afurðir**

| II. Upplýsingar um heilbrigði | II.a Tilvísunarnúmer vottorðs | II.b. |
|---|---|---|

| | |
|---|---|
| Tegund vöru: | Setjið inn vöru af eftirfarandi lista: „aukaafurðir úr býrækt“, „blóðafurðir“, „blóð“, „blóðmjöl“, „meltunarleifar“, „innihald meltingarvegar“, „nagbein“, „fiskimjöl“, „bragðbætandi innyflaafurðir“, „gelatín“, „hamsar“, „húðir og skinn“, „vatnsrofið prótín“, „lífrænn áburður/jarðvegsbætar“, „gæludýrafóður“, „unnið dýraprótín“, „aukaafurðir úr dýrum til framleiðslu á gæludýrafóðri“, „hrátt gæludýrafóður“, „brædd dýrafita“, „mylta“, „unninn húsdýraáburður“, „fisklýsi“, „mjólkurafurðir“, „afurðir úr broddi“ „seyra úr skilvindum eða skiljum frá mjólkurvinnslu“, „tvíkalsíumfosfat“, „þríkalsíumfosfat“, „kollagen“, „eggjaafurðir“, „sermi úr dýrum af hestaætt“, „veiðiminjagripir“, „ull“, „hár“, „svínsburstir“, „fjaðrir“, „aukaafurðir úr dýrum til vinnslu“, „afleiddar afurðir“, „kjöt- og beinamjöl“, „skrokkar“, „húsdýraáburður“, „fituafleiður“, „glýserín“, „matvæli sem eru ekki lengur ætluð til neyslu“, „eldhússúrgangur“, „notuð matarolía“, „meðhöndlaðar húðir og skinn, „ræktunarefni“, „dauð gæludýr“, „dauð dýr af hestaætt“, „fóður sem er ekki lengur ætlað til fóðrunar“, “[eðli aukaafurða eða afleiddra afurða] blandað með hættulausum úrgangi [EURAL-kóði]”, „egg“, „aukaafurðir úr klakstöð“, „fósturvísar, einnig í eggjum“, „skordýrasaur“, „unninn skordýrasaur“, „meðhöndlaðar fjaðrir“, „meðhöndlaðar svínsburstir“. |
| Flokkur: | Tilgreinið efni í 1., 2. eða 3. flokki.<br><br>Ef um er að ræða efni í 3. flokki, sem ætlunin er að nota sem fóður, gefið upp í hvaða lið 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 1069/2009 er getið um aukaafurðina úr dýrum sem um er að ræða (t.d. a-lið 10. gr., b-lið 10. gr. o.s.frv.).<br><br>Ef um er að ræða efni í 3. flokki til notkunar í hrátt gæludýrafóður, gefið upp 3a eða 3b (i. eða ii. liður) eftir því hvort getið er um aukaafurðirnar úr dýrum í 10. gr. (a-liður eða i. eða ii. liður b-liðar) reglugerðar (EB) nr. 1069/2009.<br><br>Ef um er að ræða húðir og skinn og afurðir sem fást úr þeim, gefið upp 3b (iii. liður) eða 3n eftir því hvort getið er um aukaafurðirnar úr dýrum eða afleiddu afurðirnar í 10. gr. (iii. liður b-liðar eða n-liður) reglugerðar (EB) nr. 1069/2009.<br><br>Tegund meðhöndlunar: Gefið upp meðhöndlunina á verkuðum húðum og skinnum:<br><br>„(a)“ fyrir þurrkun,<br><br>„(b)“ fyrir þurr- eða votsaltaðar í a.m.k. 14 daga fyrir sendingu,<br><br>„(c)“ fyrir saltaðar í a.m.k. 7 daga með sjávarsalti með 2% natríumkarbónati,<br><br>Lýsið vinnslu- eða ummyndunaraðferð fyrir efni í 1. og 2. flokki. Gefið upp viðkomandi vinnsluaðferð (veljið aðferð frá 1 til 5 sem um getur í III. kafla eða staðgönguaðferð sem um getur í IV. kafla IV. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 142/2011) eða vinnsluaðferð fyrir unninn húsdýraáburð sem um getur í XI. viðauka við hana og gefið upp dagsetningu merkingar með glýseróltríheptanóati eftir því sem við á. |

**LAND** **Aukaafurðir úr dýrum/afleiddar afurðir**

| II. Upplýsingar um heilbrigði | II.a Tilvísunarnúmer vottorðs | II.b. |
|---|---|---|

Að því er varðar efni í 3. flokki sem er ætlað í fóður skal vísa til viðeigandi þáttar í X. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 142/2011.

Að því er varðar afleiddar afurðir úr efni í 3. flokki sem eru ætlaðar til notkunar í fóður, gefið upp viðkomandi staðlaða vinnsluaðferð:

a) aðferð frá 1 til 7 sem um getur í III. kafla IV. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 142/2011 ef um er að ræða unnið dýraprótín,

b) staðgönguaðferð sem um getur í IV. kafla IV. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 142/2011 ef um er að ræða verkun í sílói eða

c) lýsið eðli og aðferðum við meðhöndlun sem settar eru fram í II. kafla X. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 142/2011.

Fisklýsi eða fiskimjöl til afeitrunar skal merkt sem „fisklýsi eða fiskimjöl, sem inniheldur of mikið af díoxíni og/eða PCB-efnum í samræmi við I. viðauka við tilskipun 2002/32/EB, sem er ætlað til afeitrunar í stöð sem er samþykkt í samræmi við 24. gr. reglugerðar (EB) nr. 1069/2009“

Sendingar af veiðiagni með þvagi úr hjartardýrum skulu merktar sem hér segir: „Veiðiagn, annað en það sem er bannað samkvæmt lið 1.1. í C-þætti í kafla A í VIII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 999/2001 og frá Noregi“.

Númer framleiðslulotu: Setjið inn númer framleiðslulotu eða eyrnamerkisnúmer, ef við á.

Framleiðslustöð: Ef um er að ræða unnið dýraprótín og önnur fóðurefni, gefið upp vinnslustöð sem er samþykkt í samræmi við reglugerð (EB) nr. 999/2001.

II. hluti:

— Undirskrift skal vera í öðrum lit en prentaði textinn.

Undirskrift.

Gjört í ........................................................................ hinn ...................................................................................

(staður) (dagsetning)

........................................................................................................................................................................................

(undirskrift ábyrgðaraðila á upprunastað)

(nafn, með hástöfum)

2) Í stað 3. liðar 1. þáttar I. kafla XI. viðauka kemur eftirfarandi:

„3. Fyrirmynd að heilbrigðisvottun sem bæta skal við viðskiptaskjalið:

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **EVRÓPUSAMBANDIÐ** | | | | | | **INNAN ESB** |
| **I. hluti: Lýsing á sendingu** | **I.1** | **Sendandi**<br>Heiti<br>Heimilisfang<br>Land | ISO-land | **I.2** | **IMSOC-tilvísun** | **QR-KÓÐI** |
| | | | | **I.2a** | **Staðbundin tilvísun** | |
| | | | | **I.3** | **Lögbært stjórnvald** | |
| | | | | **I.4** | **Lögbært staðaryfirvald** | |
| | **I.5** | **Viðtakandi**<br>Heiti<br>Heimilisfang<br>Land | ISO-landskóði | **I.6** | **Rekstraraðili sem annast samsöfnun óháð starfsstöð**<br>Heiti<br>Heimilisfang<br>Land | Skráningarnúmer<br>ISO-landskóði |
| | **I.7** | **Upprunaland** | ISO-landskóði | **I.9** | **Ákvörðunarland** | ISO-landskóði |
| | **I.8** | **Upprunasvæði** | Kóði | **I.10** | **Viðtökusvæði** | Kóði |
| | **I.11** | **Sendingarstaður**<br>Heiti<br>Heimilisfang<br>Land | Skráningar-/ samþykkisnr.<br>ISO-landskóði | **I.12** | **Viðtökustaður**<br>Heiti<br>Heimilisfang<br>Land | Skráningar-/samþykkisnr.<br>ISO-landskóði |
| | **I.13** | **Fermingarstaður** | | **I.14** | **Brottfarardagur og -tími** | |
| | **I.15** | **Flutningatæki**<br>□ Skip<br>□ Járnbrautir<br>Auðkenning<br>Skjal | □ Loftfar<br>□ Ökutæki<br>□ Annað | **I.16** | **Flutningsaðili**<br>Heiti<br>Heimilisfang<br>Land | Skráningar-/Leyfisnúmer<br>ISO-landskóði |
| | | | | **I.17** | **Fylgiskjöl**<br>Tegund<br>Land<br>Tilvísun í viðskiptaskjöl | Kóði<br>ISO-landskóði |
| | **I.18** | **Flutningsskilyrði** | □ Við umhverfishita | | □ Kældar | □ Frystar |
| | **I.19** | **Gámanúmer/innsiglisnúmer**<br>Gámanr. | | | Innsiglisnr. | |

<table>
<tr><td colspan="4">I.20 Vottað sem eða til<br>☐ Lífrænn áburður og jarðvegsbætar ☐ Til tæknilegra nota</td></tr>
<tr><td colspan="4">I.21 ☐ Til umflutnings gegnum þriðja land<br>Þriðja land — ISO-landskóði<br>Brottfararstaður — Kóði landamæraeftirlitsstöðvar<br>Komustaður — Kóði landamæraeftirlitsstöðvar</td></tr>
<tr><td colspan="2">I.22 ☐ Til umflutnings gegnum aðildarríki</td><td colspan="2">I.23 ☐ Til útflutnings</td></tr>
<tr><td>Aðildarríki<br>Aðildarríki<br>Aðildarríki</td><td>ISO-landskóði<br>ISO-landskóði<br>ISO-landskóði</td><td>Þriðja land<br>Brottfararstaður</td><td>ISO-landskóði<br>Kóði landamæraeftir-litsstöðvar</td></tr>
<tr><td colspan="2">I.24 Áætlaður ferðatími</td><td colspan="2">I.25 Leiðarbók ☐ Já ☐ Nei</td></tr>
<tr><td colspan="2">I.26 Heildarfjöldi pakkninga</td><td colspan="2">I.27 Heildarmagn</td></tr>
<tr><td colspan="2">I.28 Samanlögð eigin þyngd/heildarþyngd (kg)</td><td colspan="2">I.29 Samanlagt rými fyrirhugað fyrir sendinguna</td></tr>
<tr><td colspan="4">I.30 Lýsing á sendingu<br>SN-númer — Tegund<br><br>Tegund vöru: Óunninn húsdýraáburður — Upprunasvæði — Eigin þyngd</td></tr>
</table>

**EVRÓPUSAMBANDIÐ** **Óunninn húsdýraáburður**

II. hluti: Vottun

| II. Upplýsingar um heilbrigði | II.a Tilvísunarnúmer vottorðs | II.b IMSOC-tilvísun |
|---|---|---|

III. Heilbrigðisvottun

ég, undirritaður, opinber dýralæknir, lýsi því yfir að ég skil að lögbært yfirvald á ákvörðunarstaðnum hefur veitt samþykki sitt fyrir því að óunninn húsdýraáburður verðir fluttur inn á yfirráðasvæði þess og að óunni húsdýraáburðurinn sem getið er í reit I.30 uppfyllir eftirfarandi skilyrði:

a) að því er varðar óunninn alifuglaáburð [(1)]:

[Áburðurinn er upprunninn á svæði þar sem engar takmarkanir eru í gildi vegna Newcastle-veiki eða fuglainflúensu.]

og [Ef um er að ræða óunninn áburð frá alifuglahópum sem hafa verið bólusettir gegn Newcastle-veiki má ekki senda hann til svæðis, sem hefur verið lýst svæði þar sem ekki er bólusett gegn Newcastle-veiki, samkvæmt IV. hluta V. viðauka við framseld reglugerð (ESB) 2020/689.]

b) að því er varðar óunninn húsdýraáburð frá öðrum dýrategundum en alifuglum og dýrum af hestaætt [(1)]:

[Áburðurinn er upprunninn á svæði þar sem engar takmarkanir eru í gildi vegna alvarlegs smitsjúkdóms.]

og

annaðhvort [Húsdýraáburðurinn er ætlaður til vinnslu í stöð til að framleiða afleiddar afurðir, sem eru ætlaðar til notkunar utan fóðurferlisins, eða er ætlaður til ummyndunar í lífgas eða til myltingar, í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1069/2009, með það fyrir augum að framleiða unninn húsdýraáburð eða afurðir úr unnum húsdýraáburði.]

eða [Áburðurinn er ætlaður til notkunar á land á búi].

**Athugasemdir**

Í samræmi við sameiginlega yfirlýsingu Sambandsins og Breska konungsríkisins nr. 1/2023 í sameiginlegu nefndinni sem komið var á fót með samningnum um útgöngu Sameinaða konungsríkisins Stóra-Bretlands og Norður-Írlands úr Evrópusambandinu og Kjarnorkubandalagi Evrópu frá 24. mars 2023 (Stjtíð. ESB L 102, 17.4.2023, bls. 87).

Þetta dýraheilbrigðisvottorð er ætlað fyrir tilflutninga á óunnum húsdýraáburði.

Þetta dýraheilbrigðisvottorð skal útfyllt í samræmi við athugasemdir varðandi útfyllingu vottorða sem kveðið er á um í 2. kafla I. viðauka við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/2235.

**I. hluti:**

— Reitur I.8 og I.10: ef við á.
— Reitur I.11, I.12 og L16: samþykkisnúmer eða skráningarnúmer.
— Reitur I.16: fyllið út ef annað en í reit I.1. Sendandi.“
— Reitur: I.20: tæknileg notkun: öll notkun önnur en til fóðrunar dýra.

**II. hluti:**

1) Strika skal yfir það sem á ekki við.

**Opinber dýralæknir**

| | |
|---|---|
| Nafn (með hástöfum) | Menntun, hæfi og titill |
| Heiti staðbundinnar stjórnunareiningar | Kóði staðbundinnar stjórnunareiningar |
| Dagsetning | |
| Stimpill | Undirskrift“ |

“.